



- BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR
- ADALSTRÆTI 12 • 415 BOLUNGARVÍK
- SÍMI: 450 7000
- NETFANG: bolungarvik@bolungarvik.is
- VEFFANG: www.bolungarvik.is

**Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík**

Bolungarvík 9. apríl 2019

Verkefni: Urðunarstaður, Hóli Bolungarvík

Starfsleyfi – undanþága frá sigvatnssöfnun og botnþéttingu, áhættumat

Í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 14.2.2019, var vakin athygli á því að Bolungarvíkurkaupstaður hafi ekki sótt um undanþágu vegna krafna um botnþéttingu og sigvatnssöfnun á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Bolungarvíkurkaupstaður sækir því hér um þá undanþágu. Meðfylgjandi er greinargerð og áhættumat fyrir fyrirhugað urðunarsvæði.

Að áliti umsækjanda mun ekki stafa hættu af urðuninni fyrir umhverfi staðarins, hvorki fyrir grunnvatn eða yfirborðsvatni að teknu tilliti til eftirfarandi ástæðna:

1. Á urðunarstaðnum verður einungis urðaður óvirkur úrgangur, en skv. skilgreiningu er það úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, eða efnafræðilega og hefur því ekki skaðleg áhrif á umhverfið. Þetta geta t.d. verið múrbrot, gler og ómengaður uppmokstur úr framkvæmdum.
2. Árlegt urðunarmagn er öllu jöfnu áætlað langt innan við 500 tonn og heildarmagn sem urðað verður innan við 20.000 tonn.
3. Engin tæki eru notuð að staðaldri á svæðinu og því áhætta á óhappi þar sem olía getur borist í jarðveg metin hverfandi. Timbur er brotið niður og sett í mön með jarðýtu eða beltagröfu. Mokað er yfir óvirkan úrgang með traktorsgröfu eða hjólaskóflu. Tækin eru fjarlægð að verki loknu.
4. Eins og segir í lýsingu sem fylgdi umsókn er urðunarstaðurinn vel staðsettur m.t.t. margra þátta og mun ekki hafa áhrif á neina viðkvæma starfsemi sem rekin er í nágrenni hans.
5. Urðunarstaðurinn er staðsettur á þegar röskuðu svæði sem nýtt hefur verið í sama tilgangi síðan 1985.
6. Yfirborðsvatni verður veitt frá urðunarsvæðinu og eru aðstæður til þess góðar vegna landslags og landmótunar.
7. Yfirborð urðunarstaðar er lítið að flatarmáli og úrkoma frekar lítil að meðaltali og sigvatnsmyndun því lítil.
8. Botn urðunarstaðarins er marga metra ofan við grunnvatnsborðið og gera má ráð fyrir góðri síun á sigvatni sem myndast og hripar niður, sjá hér frekari lýsingu á jarð- og vatnafræði í liðum 9 og 10.
9. Dýpi á grunnvatnsborð gæti verið rúmlega 4 m, en hæðarmunur niður á Hólsá er um 7 m.

10. Jarðlög undir urðunarsvæðinu eru samsett úr mól og leirlinsum, en neðst er jökulurð eða jökulruðningur. Áætlað var við gerð aðalskipulags Bolungarvíkur 2008-2020 að lekt jarðlaganna gæti verið á bilinu 0,0001 m/s til 0,00000001 m/s og eru þau álitin þéttari eftir því sem neðar dregur. Eiginleikarnir, þ.e. leirblandaður jökulruðningur, ættu því að vera nokkuð góðir með tilliti til virkrar síunar á mögulegum mengunarefnum í sigvatni. En öllu jöfnu ætti sigvatn frá óvirkum úrgangi ekki að vera mengað að neinu marki.
11. Sigvatn frá svæðinu er vaktað, sbr. lýsingu í „Áhættumati vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun“ til að tryggja að fylgst sé með breytingum eða áhrifum sem orðið geta og tryggir hún að brugðist verði við komi mengun í ljós.
12. Umsækjandi hefur nú þegar tekið inn í hönnun sína og rekstur ýmsar mótvægisáðgerðir til að lágmarka áhrif urðunar á umhverfið og mun áfram vinna að endurbótum til að viðhalda því og bæta. Vöktun sbr. lið 11 tryggir árangur þessara áðgerða.

Af ofngreindum ástæðum telur umsækjandi um starfsleyfi, Bolungarvíkurkaupstaður, ekki ástæðu til að fara í frekari rannsóknir eða greiningar varðandi sigvatn og botnþéttingar og telur að umhverfisáhrif frekari urðunar á urðunarstaðnum að Hóli séu óveruleg.

BYGGINGARFULLTRÚINN
BOLUNGARVÍK



Gísli Gunnlaugsson

Byggingarfulltrúi